

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Eskifirði

UMHVERFISSTOFNUN  


Dags eftirlits	16.10.2014	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Skeljungur	Fulltrúi UST	
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Aðalsteinn Árnason	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarni Freyr Guðmundsson	Staðsetning	733478,28 517684,715

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi og ekki voru gerðar athugasemdir við stöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Komið var í olíubirdastöðina og byrjað á að skoða skráningar og önnur gögn. Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók í stöð Skeljungs á Eskifirði, skráningar á mælingum, eftirliti og viðhaldi sem kröfur eru gerðar um. Skráningar voru í góðu lagi.

Teikningar af breytingum á löndunar- og afgreiðslulögnum sem og afgreiðslulögn til fiskimjölsverksmiðunnar Eskju bárust á árinu og voru samþykktar. Þegar komið var í eftirlit var verið að ljúka breytingunum á lögnum og hafa þrýstiprófanir á 4 nýjum lögnum borist stofnuninni. Allir geymar hafa verið þykktarmældir á síðustu 10 árum og nú hafa allar lagnir verið þrýstiprófaðar á síðustu 5 árum.

Bensín er ekki geymt í stöðinni.

Farið var í skoðun á olíubirdastöðinni, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær), olíuskiljur og fráveitumál. Tilsildar botnþykktarmælingar á geymum og þrýstiprófanir á lögnum voru í lagi. Verksmiðjulögn var endurnýjuð á árinu.

Olíuleifar í frárennsli stöðvarinnar hafa verið mældar með olíuprófi Macherey Nagel. Ekki mældist olía í frárennslinu.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.


Girðingar og hlið voru í lagi.

## ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir eru gerðar við olíubirdastöðina.

Reykjavík,

26.11.2014



Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.